

Nd.

47. Frumvarp til laga

[42. mál]

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Flm.: Jónas Rafnar, Emil Jónsson.

1. gr.

Á eftir aa-lið 3. gr. laganna komi nýr stafliður, svo hljóðandi:

bb. Að innheimta ekki aðflutningsgjöld af vefnaðargarni úr baðmull og gervi-efnum, ef viðtakandi vörunnar rekur dúkaverksmiðju og þess er getið í aðflutnings-skýrslu, að garnið verði einungis notað til framleiðslunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en var ekki afgreitt. Fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

„Semma á árinu 1947 var Dúkaverksmiðjan h/f stofnuð á Akureyri í því skyni að hefja framleiðslu á baðmullardúkum. Fyrirtækið hefur starfað óslitið síðan. Framleiðsluvörur verksmiðjunnar eru: vinnuvettlingaefni, fóðurefni til klæðagerðar, sængurdúkar, húsgagnafóður, lakaléreft, vinnuskyrtuefni o. fl. Framleiðsla verk-

smiðjunnar s. l. ár mun hafa numið töluvert á annað hundrað þúsund metra af þessum efnum.

Frá byrjun hefur verksmiðjan átt við margvíslega örðugleika að etja — ekki sízt vegna þess, að lágir tollar eru á innfluttum baðmullardúkum. Á óbleiktum dúk er nú 10% verðtollur og 15% á öðrum einlitum dúk. Með hliðsjón af þessu hafa tollar á hráefni verksmiðjunnar hins vegar verið of háir, þar sem 7 aura vörumagns-tollur og 5% verðtollur hefur verið á innfluttu baðmullargarni.

Millipinganefnd í tollamálum, sem lauk störfum á síðasta ári, kynnti sér ýtarlega tollakjör verksmiðjunnar og var sammála um, að lækka þyrfti verulega tolla á baðmullargarni. Þegar frumvarp ríkisstjórnarinnar um tollabreytingar var lagt fyrir Alþingi í fyrra, voru tillögur nefndarinnar um lækkun tolla á baðmullargarni þó ekki teknar með.

Í frv. þessu er því lagt til, að heimilað verði að innheimta ekki aðflutningsgjöld af vefnaðargarni úr baðmull og gerviefnum.

Á það má benda, að framleiðslustarfsemi Dúkaverksmiðjunnar h/f er algert brautryðjandastarf hér á landi og til mikils að vinna fyrir þjóðina að geta flutt baðmullardúkaframleiðsluna sem mest inn í landið. Á árinu 1952 voru fluttir inn baðmullardúkar fyrir 17.4 millj. kr. fob., en gjaldeyrisparnaður við baðmullardúkaframleiðslu mun nema að meðaltali um 50%.

Greinargerð þessari fylgir umsögn tveggja þekktara fyrirtækja, sem viðskipti hafa átt við Dúkaverksmiðjuna h/f, og ýtarleg umsögn lðnaðarmálastofnunar Íslands, sem mælir með því, að verksmiðjunni verði gefnir eftir tollar á innfluttum hráefnum.“

Fylgiskjal I.

Herra alþm. Jónas Rafnar, Reykjavík.

Samkvæmt beiðni hr. framkvæmdastjóra Vigfúsar Jónssonar, f. h. Dúkaverksmiðjunnar h/f, Akureyri, látum vér yður eftirfarandi umsögn í té:

1) Undanfarin tvö ár hefur innflutningsverðmæti baðmullardúka, sem fluttir hafa verið inn undir 48. kafla, 16., 17. og 18. lið tollskrárinnar, numið samkvæmt hagskýrslum um 17 millj. króna á ári. Tollar á þessari vöru eru samkvæmt tollskránni:

	Vm.t.aur/kg	Verðt. %
48/16: óbleiktir og ólitaðir dúkar	20	10
48/17: einlitir og ómunstraðir dúkar	20	15
48/18: aðrir dúkar	20	20

2) Samkvæmt núgildandi viðbót tollskrárinnar frá 1953 eru tollar á baðmullargarni samkv. 48. kafla, 7. lið, svo sem hér segir:

	Vm.t.aur/kg	Verðt. %
48/7: Baðmullargarn	7	5

3) Með núverandi vélakosti verksmiðjunnar má framleiða allt að 100—120 þús. metra af dúk á ári (miðað við 8 stunda vaktir). Verðmæti þessarar framleiðslu frá verksmiðjunni nemur um 800 þús. krónum, og fer mest af henni í vinnuvettlinga. Verð og gæði vörunnar virðast fyllilega samkeppnisfær við erlenda vöru, sem einnig er á markaðnum hér. Virðist efarispurn og ummæli kaupenda sanna þetta.

4) Vér höfum haft tækifæri til þess að skoða þessa verksmiðju nú í sumar og sjá hana í fullum gangi. Vélakostur hennar er nú orðinn ófullnægjandi, og hafa eigendur hennar þegar uppi ráðagerðir um að endurbæta hann með kaupum nýrra og afkastameiri véla. Höfum vér kynnt oss þær ráðstafanir, sem þeir hafa í huga í þessum efnum, og virðast oss þær skynsamlegar, ef samkeppnisaðstaða verksmiðjunnar væri betri en hún nú er.

5) Eigendur telja, að við vinnslu slíkra dúka hér á landi, í stað þess að flytja þá inn tilbúna, megi spara allt að 50% gjaldeyrisverðmætis. Þessa staðhæfingu höfum vér ekki haft tækifæri til þess að sannprófa, en ætla má, að gjaldeyrisparnaðurinn sé verulegur.

6) Verksmiðjan hóf starfsemi sína 1947 og hefur verið rekin stanzlaust síðan.

Reikningslega hefur flest árin verið tap á rekstri verksmiðjunnar, þar til á s. l. ári, að fjárhagsafkoma hennar virðist nokkurn veginn standa í járnum.

Með þessar upplýsingar í huga drögum vér eftirfarandi ályktanir:

- a. Innflutningur þeirra vörutegunda, sem verksmiðja þessi framleiðir, nemur árlega verulegri fjárhæð, og væri því æskilegt að færa eins mikið og auðið er af þessum verðmætum inn í landið og nýta íslenzkt vinnuafli og orku við framleiðslu þeirra.
- b. Starfræksla þessarar verksmiðju er brautryðjendastarf, og nú fyrst virðist fengin næg og haldgóð reynsla til þess, að unnt sé að framleiða þessa vöru hér á landi, svo að hún þoli fyllilega samanburð erlendrar vöru. Tollvernd sú, sem þessi framleiðsla nýtur á móti innfluttri, fullunninni vöru, er óveruleg (sbr. 1. og 2. lið hér að framan).

Samkvæmt bókum verksmiðjunnar nam verðmæti heildarnotkunar á garni í dúka 1953 kr. 367 800.00, að meðtöldum tolli og söluskatti, samtals að upphæð kr. 62 500.00. Af þessari heildarupphæð var erlendur gjaldeyris tæp 290 þús., en söluverð framleiðslunnar frá verksmiðjunni 613 þús. krónur. Með niðurfellingu tolla og söluskatts á hráefnum verksmiðjunnar verður ríkissjóður því að sjá af 60—100 þús. krónum, en með því mundi þessum rekstri vera borgið og verksmiðjan gæti sjálf staðið undir eðlilegri uppbyggingu og þróun. Með hliðsjón af öllu þessu virðist eðlilegt, að ríkissjóður endurgreiði eða gefi eftir tolla og söluskatt af hráefnum (garni) til þessa iðnaðar, og mælum vér eindregið með, að þér veitið aðstoð yðar til þess að fá þessu framgengt.

Virðingarfyllt,

Iðnaðarmálastofnun Íslands,

Bragi Ólafsson, framkvstj.

Fylgiskjal II.

Klæðaverzlun Andrésar Andréssonar h/f.

Reykjavík, 25.11. 1954.

Að gefnu tilefni vottum við hér með, að við höfum undanfarin ár keypt mikið magn af vasaefnum af Dúkaverksmiðjunni h/f, Akureyri, og hefur okkur reynzt þau viðskipti mjög hagkvæm.

pr. pr. Klæðaverzlun Andrésar Andréssonar h/f,

Þórarinn Andrésson.

Fylgiskjal III.

Sjófataverksmiðjan h/f.

Reykjavík, 24. nóv. 1954.

Sjófataverksmiðjan h/f, Reykjavík, hefur undanfarin ár haft mikil viðskipti við Dúkaverksmiðjuna h/f, Akureyri, á dúkum til vinnuvettlinga o. fl. Ég vil í því sambandi og að gefnu tilefni lýsa því yfir, að dúkar þeir, er hún hefur keypt frá áðurnefndri verksmiðju, standast að hennar dómi í alla staði samanburð á erlendum dúkum sömu tegundar.

Sjófataverksmiðjan h/f,

Kári Sigurðsson.